

TILLAGA TIL BREYTINGA Á LÖGUM FÉLAGS REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR SEM SAMÞYKKT VORU Á AÐALFUNDI 2021.

Lagt er til að gerð verði eftirfarandi breyting á 1. gr. laga Félags ReykjavíkurAkademíunnar:

Núverandi lög:

„Félagið heitir Félag ReykjavíkurAkademíunnar. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.“

Lögin verði tillagan samþykkt:

„Félagið heitir Félag ReykjavíkurAkademíunnar (**FRA**). Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.“

Lagt er til að gerð verði eftirfarandi breyting á 4. gr. (liður 6) laga Félags ReykjavíkurAkademíunnar:

Núverandi lög:

„Kjör **fjögurra** stjórnarmanna“

Lögin verði tillagan samþykkt:

„Kjör **tveggja** stjórnarmanna“

Lagt er til að gerð verði eftirfarandi breyting á 5. gr. laga Félags ReykjavíkurAkademíunnar:

Núverandi lög:

„Stjórn Félags ReykjavíkurAkademíunnar skipa **fimm** aðalmenn. Formaður er kosinn á aðalfundi en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkefnum eftir því sem við á hverju sinni, en ávallt skal hún velja úr sínum hópi ritara og gjaldkera er gegni störfum sínum til næsta aðalfundar.“

Lögin verði tillagan samþykkt:

„Stjórn Félags ReykjavíkurAkademíunnar skipa **þrjú** aðalmenn. Formaður er kosinn á aðalfundi en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkefnum eftir því sem við á hverju sinni, en ávallt skal hún velja ritara og gjaldkera er gegni störfum sínum til næsta aðalfundar. **Leitast skal við að einn úr stjórn komi úr röðum félaga sem ekki hafa vinnuaðstöðu í ReykjavíkurAkademíunni.**“

Lagt er til að gerð verði eftirfarandi breyting á 6. gr. laga Félags ReykjavíkurAkademíunnar:

Núverandi lög:

„Stjórn Félags ReykjavíkurAkademíunnar sér um fjárreiður félagsins, gerir fjárhagsáætlun í upphafi hvers starfsárs og gerir upp reikningsárið. Hún sér einnig til þess að haldið sé félagatal. Haldin er gjörðarbók stjórnarfunda og skulu viðstaddir stjórnarmenn staðfesta fundargerð með undirritun sinni.“

Lögin verði tillagan samþykkt:

„Skrifstofa RA ses fer með umsjón á fjárreiðum félagsins, annast uppfærslu á félagatali og ýmis samskipti við félaga Félags ReykjavíkurAkademíunnar. Stjórn Félags ReykjavíkurAkademíunnar skal gera samning við framkvæmdastjóra RA ses þar sem þjónustan er skilgreind og kveðið á um umfang hennar og takmörk.“

Lagt er til að gerð verði eftirfarandi breyting á 8. gr. laga Félags ReykjavíkurAkademíunnar:

Núverandi lög:

„Stefnumótun

Félag ReykjavíkurAkademíunnar skal vinna með stjórn ReykjavíkurAkademíunnar ses. að því að tryggja hag stofnunarinnar. Stjórn félagsins skal, í samráði við framkvæmdastjóra og stjórn RA ses, hafa frumkvæði að skipulagningu fræðilegra viðburða og verkefna innan vébanda ReykjavíkurAkademíunnar og í samstarfi við fræðafélög og aðrar stofnanir á sviði menningar og fræða. Félagið getur komið að kynningu stofnunarinnar, fjáröflun fyrir hana og til einstakra verkefna sem unnin eru á hennar vegum. Þá getur félagið staðið fyrir útgáfu fréttabréfs og annarri starfsemi sem má verða til að efla samstöðu félaga innan húss sem utan.“

Lögin verði tillagan samþykkt:

„Starfsemi

Félag ReykjavíkurAkademíunnar skal vinna með stjórn ReykjavíkurAkademíunnar ses. að því að tryggja hag stofnunarinnar. Stjórn félagsins skal, í samráði við framkvæmdastjóra og stjórn RA ses, hafa frumkvæði að skipulagningu fræðilegra viðburða og verkefna innan vébanda ReykjavíkurAkademíunnar og í samstarfi við fræðafélög og aðrar stofnanir á sviði menningar og fræða. Félagið skipuleggur og annast félagslega viðburði innan og utan ReykjavíkurAkademíunnar. **Félagið skipuleggur og annast félagslega viðburði innan og utan ReykjavíkurAkademíunnar.** Félagið getur komið að kynningu stofnunarinnar, fjáröflun fyrir hana og til einstakra verkefna sem unnin eru á hennar vegum. Þá getur félagið staðið fyrir útgáfu fréttabréfs og annarri starfsemi sem má verða til að efla samstöðu félaga innan húss sem utan.“